

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Deiliskipulag Austurbyggðar í Laugarási, Biskupstungum.*
Deiliskipulagið nær til svæðis austan við Laugarás og vestan og norðan Hvítár. Gert er ráð fyrir 99 einbýlishúsalóðum á svæðinu, 10 parhúsalóðum og 4 athafnalóðum. Við gildistöku skipulagsins falla úr gildi tvær eldri deiliskipulagsáætlanir á svæðinu, annars vegar fyrir Bæjarholt samþykkt 16. september 1997 og fyrir austurhluta Laugaráss samþykkt 29. júní 1999.
Samþykkt í sveitarstjórn 8. janúar 2008.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Bergstaða, Biskupstungum.*
Í deiliskipulaginu felst afmörkun tveggja lóða fyrir frístundahús, milli Þjóðvegur nr. 358 og Tungufljóts.
Samþykkt í sveitarstjórn 4. desember 2007.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingar-
lög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 7. maí 2008.
Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,
Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 26. maí 2008